



Lýðræði og skóli

Kennaramenntun í 100 ár
— Nám og lýðræði á 21. öldinni

Ráðstefna FUM 23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson

Lektor í heimspeki við
Kennaraháskóla Íslands



1. Staðreyndin um lýðræði

„Ef við reynum að skilgreina menntakerfið eftir hlutverkum þeim sem það á að gegna í samfélaginu, finnum við okkur til furðu að menntun er ekki nema minnsti hlutinn í tilgangi kerfisins. Menntakerfið á, félagslega séð, að aðhæfa ungu kynslóðina heimi fullorðinna, kenna henni mat og hátterni hinna fullorðnu, hegðun gagnvart þjóðfélaginu í heild; ríkjandi siðu, önn og vinnu, skilning og þekkingu sem sameiginleg frumskilyrði félagslegrar tilveru.“

Wolfgang Edelstein, *Skóli – nám – samfélag*, 1988



1. Staðreyndin um lýðræði

Nemendamiðaðir / einstaklingsmiðaðir skólar

Hlutverk skólanna er að þjóna
nemendum

Samfélagsmiðaðir skólar

Hlutverk skólanna er að þjóna
samfélaginu

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

3



1. Staðreyndin um lýðræði

Hugmyndin um lýðræði gegnir lykilhlutverki í
lýsingu á nemendamiðuðum og samfélags-
miðuðum hlutverkum skólans.

Sá skilningur á lýðræði sem birtist í *Aðal-
námskrá grunnskóla* er einfeldningslegur og
ófullnægjandi.

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

4



1. Staðreyndin um lýðræði

„Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.“

Lög um grunnskóla, nr. 66 frá 1995, 2. gr.

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

5



1. Staðreyndin um lýðræði

„Starfshættir í grunnskóla skulu mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs, kristins siðgæðis og umburðarlyndis. Helstu gildi lýðræðislegs samstarfs eru: jafngildi allra manna, virðing fyrir einstaklingum og samábyrgð. Helstu gildi kristins siðgæðis, sem skólinn á að miðla og mótast af, eru: ábyrgð, umhyggja og sáttfýsi. Umburðarlyndi tengist lýðræðinu og kristnu siðgæði og byggist á sömu forsendum. Það verður að ætla öllum rétt til sjálfstæðra skoðana og tækifæri til að tjá þær og reyna að vinna þeim fylgi, að því tilskildu að það sé gert á heiðarlegan hátt og réttur annarra til hins sama virtur.“

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

6



1. Staðreyndin um lýðræði

Tvennskona mikilvægi lýðræðis:

Sem markmið : Skólinn á að undirbúa nemendur undir lýðræðislegt þjóðfélag.

Sem starfshættir : Starfshættir skólans eiga að móttast af lýðræðislegu samstarfi.

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

7



2. Lýðræðislegir starfshættir í skóla

Hvað er lýðræði?

„Það verður að ætla öllum rétt til sjálfstæðra skoðana og tækifæri til að tjá þær og reyna að vinna þeim fylgi, að því tilskildu að það sé gert á heiðarlegan hátt og réttur annarra til hins sama virtur.“

Lýðræði er frjáls og sanngjörn samkeppni hugmynda.

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

8



2. Lýðræðislegir starfshættir í skóla

Hvað er góður skóli?

„Eðli lokamarkmiða er að gefa heildarmynd af því sem stefnt er að í kennslu einstakra námsgreina í grunn-skólanum. Lokamarkmið skýra almennan tilgang náms og lýsa því sem skólar eiga að stefna að og því sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu lögbundnu skyldunámi.“

Aðalnámskrá grunnskóla, 1999

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

9



2. Lýðræðislegir starfshættir í skóla

Hvað er góður skóli?

„Skýr markmið eru grundvallarþáttur skólastarfs. Markmið eru leiðarvísir í öllu skólastarfi og forsenda áætlanagerðar um nám og kennslu. Þau stýra kennslunni og námsmatinu og eru grundvöllur mats á gæðum skólastarfs“

Aðalnámskrá grunnskóla, 1999

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

10



2. Lýðræðislegir starfshættir í skóla

Hvað er góður skóli?

„Aðalnámskráin gerir ráð fyrir því að áfangamarkmið verði meginviðmið í öllu skólastarfi. ... Áfangamarkmiðin eru þannig orðuð að tiltölulega auðvelt á að vera að mæla eða meta hvort eða að hvaða marki þeim hefur verið náð. Áfangamarkmið mynda einnig grundvöll lögboðinna samræmdra prófa í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og samræmdra prófa við lok grunnskóla.“

Aðalnámskrá grunnskóla, 1999

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

11



2. Lýðræðislegir starfshættir í skóla

Eru lýðræðislegir starfshættir líklegir til að gera skólann betri?

Er líklegt að það, **að ætla öllum rétt til sjálfstæðra skoðana og tækifæri til að tjá þær og reyna að vinna þeim fylgi, að því tilskildu að það sé gert á heiðarlegan hátt og réttur annarra til hins sama virtur,**

leiði til þess **að nemendur fái hærrí einkunn á samræmdum prófum?**

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

12



3. Lýðræði

„Lýðræði er sú trú að jafnvel þegar þarfir og markmið eða afleiðingar eru ólík frá einni manneskju til annarrar, felur það að temja sér að vinna saman af vinsemd ... ómetanlega viðbót við lífið. Með því að taka sérhvern ásteitingarstein ... eftir því sem nokkur kostur er, út úr andrúmslofti og umhverfi valds og aflsmunar sem leið til úrlausnar og inn í umhverfi rökræðu og skynsemi, þá lítum við á þá sem við eigum í ágreiningi við ... sem einstaklinga sem við getum lært af, og að sama marki, sem vini.“

John Dewey, *Creative Democracy – The Task Before Us*

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

13



3. Lýðræði

„... sjónarmið á borð við ‘ágreiningsfjölhuggju’ – sjónarmið sem sviptir hulunni af fjarstæðu þess að efna til samkomulags án útilokunar – [er] afar mikilvægt fyrir lýðræðislega stjórnmalaiðkun. Með því að vara okkur við þeirri tálsýn að nokkurn tíma sé hægt að ná fullkomnum árangri á sviði lýðræðisins neyðir hún okkur til að halda kappleik þess gangandi. Fjölhuggjulýðræðinu er lífsnauðsynlegt að ósætti hafi nægt rými og að stofnanirnar sem ósættið tjáir sig í gegnum séu ræktaðar.“

Chantal Mouffe, „Til varnar ágreiningslíkani um lýðræði“, *Hugur*, 2004.

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

14



3. Lýðræði

Hvað er að gefa ósætti eða margbreytileika rými?

Að finna leiðir til að taka ákvarðanir þrátt fyrir ólík sjónarmið.
Umburðarlyndi verður helsta dygð hinnar lýðræðislegu manneskju.

Umburðarlyndi felur í sér að maður leyfir öðrum að hafa sínar eigin skoðanir – að maður sættir sig við margbreytileikann.

Skólastarf ætti að skipuleggja með einstaklingsmiðun að leiðarljósi, þannig að hver og einn geti farið sína leið á sínum hraða.

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

15



3. Lýðræði

Hvað er að gefa ósætti eða margbreytileika rými?

Dewey: Lýðræði er samveruháttur, það þarf að renna manni í merg og bein, og birtist m.a. í því hvernig maður nálgast samborgara sína, bæði í formlegum og óformlegum samskiptum.

Í stað umburðarlyndis kemur viðurkenning.

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

16



4. Lýðræði og nám

Lýðræði er mikilvægt fyrir nám vegna þess að lýðræðislegt samfélag er opið fyrir fjölbreytilegum samskipta- og samveruháttum.

Lýðræðislegt samfélag er líklegt til að glæða fjölbreyttari og jákvæðari reynslu meðal nemenda.

Lýðræðislegir samveruhættir í skóla krefjast **virgni**, sem aftur gerir ráð fyrir **sterkri sjálfsmynd** og því að nemendur upplifi sig á **heimavelli** í skólanum.

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

17



4. Lýðræði og nám

„Frumstig þeirrar þroskandi reynslu sem kallast hugsun er reynsla. Þetta kann að hljóma sem kjánaleg og augljós sannindi. Þetta ætti að vera það, en er því miður ekki. Þvert á móti er oft litið á hugsun, bæði í heimspekilegum kenningum og í kennslu, sem eitthvað sem er algerlega skilið frá reynslu og sem hægt er að þroska eitt og sér.“

John Dewey, Democracy and Education, kafli 12

23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

18

5. Lýðræði og skóli



23. febrúar 2008

Ólafur Páll Jónsson, Lýðræði og skóli

19